

Reglugjörð

92

6. ágúst

um eyðing refa og fjallskil í Dalasýslu.

I. kafli.

Um eyðing refa.

1. gr.

Sjerhverri hreppsnefnd sýslunnar ber að láta leita grenja tvisvar á vori að minsta kosti, bæði í heimalöndum og afrjettarlöndum hreppsins. Skal fyrri leitin fara fram 6 vikur af sumri, en hin síðari í 9. viku sumars. Þó má færa leitir þessar fram eða aftur, eftir því sem snjóá leysir á grenjastöðum. Ráðinn skotmaður skal ávalt vera með í slíkum leitum, ef hægt er, til þess að hann geti strax lagst á grenið, er það finst.

2. gr.

Enginn má skorast undan grenjaleitum í afrjettarlöndum, er hann er til þess kvaddur af hreppsnefnd, nema gild forföll hamli, en heimting á hann á sanngjörnu kaupi. Hver jarðarabúandi er skyldur til að ljá menn til grenjaleita í heimalandi sínu endurgjaldslaust.

3. gr.

Hreppsnefndir skulu ráða hæfilega marga skotmenn í tæka tíð til grenjavinnslu á vorum. Skotmanni ber fyrir að vinna fyrra dýrið 8 kr., en fyrir hið síðara 16 kr., og ber honum að skila skottum af dýrum þeim, er hann vinnur og krefst borgun fyrir. Yrðlingar skiftast jafnt, að tölu og lit, milli skotmanns og sveitarsjóðs. Skott þau, er skotmaður afhendir hreppsnefnd, skulu samstundis brend. Skotfæri, byssu og fæði leggur skotmaður sjer sjálfur til.

Ef hreppsnefnd getur ekki ráðið skotmann með greindum borgunarskilmálum, skal henni heimilt að ráða þá með þeim kjörum, er henni virðast aðgengileg.

Vökumenn á gren ber hreppsnefnd að leggja til í afrjettarlöndum, en ábúendum í heimalöndum sínum, og ber þeim 3 kr. 50 a. í kaup um sólarhring hvern, en leggja verða þeir sjer alt til sjálfir.

92

6. ágúst hann áður eitrad á því rækilega, ef nokkur grunur er um, að lifandi yrðlingar sjeu eftir í því. Efni til eitrunar ber hreppsnefnd að leggja til.

4. gr.

Ef greni finnst, utan leitar, skal það tafarlaust tilkynt hreppsnefnd eða skotmanni gegn sanngjarnri þóknun.

5. gr.

Verðlaun fyrir að vinna dýr, á hvern hátt sem það er gjört annan en með eitrun, á þeim tíma árs, sem skinnið er einkis virði sem verslunarvara, má veita úr sýslusjóði alt að 6 kr. fyrir dýrið, en sanna verður, til þess að hljóta slík verðlaun, að dýrið hafi verið unnið, með því að sýna sýslumanni skott þess á næsta manntalsþingi, og lætur hann þá samstundis eyðileggja það. Viðbótarverðlaun eða þóknun má og greiða úr sveitarsjóði fyrir að vinna bitvarg utan venjulegra grenjatíma.

6. gr.

Hreppsnefndum ber að hafa til nægilegt eitur á hverju ári. Þær skulu og gjöra ráðstafanir til þess á hverju hausti, að rækilega verði eitrad að vetrinum á þeim stöðum, er menn álíta að refir hafi helst umgang. Skal þessari eitrun lokið árlega fyrir 25. febrúar.

Heimilt skal þó hreppsnefndum, með samþykki sýslumanns, að fresta eitt ár í senn eitrun, sjeu til í sveitinni góðir skotmenn, er skuldbindi sig til þess að stunda refaveiðar með byssu, gildrum og öðru móti.

Til þess að hafa eitrun á hendi og framkvæma hana skulu hreppsnefndir útvega vandvirka og vel hæfa menn, og ber þeim að tilkynna hverjum ábúanda tafarlaust hvar eitrad hafi verið í landi hans. Til eitrunar skal hafa »strýknin«, eða annað sterkt eitur. Rjúpur til eitrunar má skjóta án leyfis þar sem eitrad er. Skal hægri vængur stýfður af hverri rjúpu, sem eitruð er.

Ef eitrun er látin falla niður og sje ekki til þess sú ástæða, er tekin er fram í grein þessari, varðar það sektum frá 10 til 20 kr.

7. gr.

Hreppsnefndir skulu senda oddvita sýslunefndar skýrslu um eitrun fyrir marslok árlega, og skal þar skýrt frá:

1. Hvenær eitrun hafi verið lokið;
2. hvað eitrad hafi verið og hve mikið;
3. hvar hafi verið eitrad, og
4. hverjir hafi framkvæmt eitrunina.

Skýrslur þessar skal oddviti leggja fyrir sýslunefndina á aðalfundi hennar ár hvert, til umsagnar og úrskurðar.

8. gr.

92

6. ágúst

Enginn má ala yrðlinga án leyfis sýslumanns, nema meðan á grenjavinnslu stendur, þó aldrei lengur en til 30. júní. Má sýslumaður ekki veita slíkt leyfi nema leyfisbeiðandi sýni skilríki fyrir því, að hann hafi hæfilegan útbúnað til þess. Eftirrit af slíku leyfisbrjefi, er að eins gildi um eitt ár í senn, skal sýslumaður síðan tafarlaust senda hreppstjóra, og leggja jafnframt fyrir hann að hafa sterkar gætur á yrðlingaeldinu, og heimta sönnun fyrir því, að þeim hafi ekki verið slept, er eldistiminn er á enda, en kæra ella til sekta, er ávalt skulu vera 50 til 100 kr. fyrir hvern yrðling, er sleppur. Ef einhver elur yrðling leyfislaust varðar það 50 kr. sekt.

9. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, sbr. þó 5. gr.

10. gr.

Sektir þær, er ræðir um í 6. og 8. gr. renna í sveitarsjóð þar sem kærandi á heimili.

II. kafli.

Um sauðfjármörk.

11. gr.

Sjerhver sauðfjáreigandi er skyldur til að hafa glögt eyrnamark á fje sínu, og brennimerkja alt sitt hyrnda fje með sýslu- og hreppsrennimarki.

Ef kindur koma fyrir í haustleitum með óglöggu marki, skulu þær seldar í skilarjett þar sem þær koma fyrir, sbr. 35. gr., nema einhver geti sannað eignarjett sinn á þeim með áreiðanlegra manna vitnisburði.

12. gr.

Heimilt er mönnum að taka upp nýtt mark milli þess sem markaskrá er prentuð, ef þeir auglýsa það með nægum fyrirvara í Lögbirtingablaðinu.

Breyting á marki telst nýtt mark, en ekki skal það mark talið nýtt, er menn fá að erfðum eða kaupa.

Ef nýtt mark flyst inn í sýsluna, verður eigandi þess að auglýsa það eftir fyrirmælum 1. liðs þessarar greinar; eigi einhver sýslubúi sama mark, verða þeir að semja um notkun þess; verði ekki samkomulag þeirra á milli, skal aðkomandi breyta sínu marki.

Sjerhver fjáreigandi er skyldur til að láta prenta mark sitt þegar markaskrá er prentuð, og borga sýslusjóði prentun þess.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta 5. til 10. hvert ár. Skulu hreppsnefndir annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum og rita þau greinilega á skrá eftir stafrófsröð. Þá skrá skal síðan birta á hentugum stað í hreppnum, svo að hver og einn eigi kost á að sjá, hvort mark hans er rjett ritað. Þá er skrár þessar hafa nægilega verið auglýstar í hreppunum, skulu þær sendar manni þeim, er sýslunefndin hefir falið að búa markaskrána undir prentun.

III. kafli.

Um notkun upprekstrarlands.

14. gr.

Ef einn eða fleiri jarðarábúendur í hreppi óska þess, skal hreppstjóri skyldur til að láta kjósa 3 menn í nefnd, er kallist ítölunefnd, á næsta hreppaskilapingi. Hlutverk þessarar nefndar er að meta, hve margt sauðfje megi vera í fjalllöndum og heimahögum hreppsins. Kjörgengir í nefndina eru allir búendur hreppsins. Oddamann má kjósa utanhrepps.

15. gr.

Ef ítölunefnd kemst að þeirri niðurstöðu, að ekki sje til nægilegt sumar gönguland fyrir sauðfje hreppsúa, skal hreppsnefnd, ef hægt er, útvega upprekstrarland utan hrepps fyrir fje þeirra, er ekki hafa nóg land. Þó er þeim, er upprekstrarland vantar, heimilt að útvega sjer það sjálfir, ef þeir tilkynna það hreppsnefndinni fyrir 1. maí árlega.

16. gr.

Ef einhverjum þykir of- eða vantalið í heima- eða fjallland sitt eða annara, utan- eða innanhrepps, má hann gjöra um það skriflega umkvörtun til sýslumanns, er þá hveður einn mann í yfiritölunefnd ásamt 2 öðrum, er kærandi og samanburðarmaður hans til nefna. Ef kærandi tekur mörg lönd til samanburðar, eða ekkert land, velur hreppsnefnd 3. mann í nefndina. Yfiritölunefnd leggur fullnaðarúrskurð á málið. Nefndin á heimtingu á þóknun fyrir starf sitt, og skal hún greidd úr sveitarsjóði ef kærandi vinnur málið, ella af kæranda.

17. gr.

Í þeim hreppum, sem að álitu ítölunefndar hafa að eins fjalllönd fyrir innanhreppsfe, er öllum bannað að taka sauðfje til sumargöngu úr öðrum sveit-

um eða sýslum. Þó má hver sá, sem fjallland er eigi notað hjá af innanhrepps- **92**
mönnum, taka í það, til sumargöngu, svo margt fje utanhreppsmanna, sem ítölu- 6. ágúst
nefnd hefir metið.

18. gr.

Upprekstrartoll skal hver maður greiða með 5 aorum fyrir sauðkind hverja, jafnt lömb sem fullorðið fje, nema öðru vísi sje um samið, hvort sem hann notar upprekstrarlandið eða ekki, sbr. þó 15. gr. Gjald þetta skal greiða innan októbermánaðarloka ár hvert. Ber hreppsnefnd að innheimta það, ef eigi næst á annan hátt.

19. gr.

Heimaland telst alt það land, sem hefir verið notað og nota þarf til bú-
fjárgöngu, þegar fært er frá, og til slægna.

20. gr.

Áður en lömbum er slept eftir fráferur, skal gæta þeirra í 2 sólarhringa að minsta kosti, annaðhvort heima eða í fjalllandi því, er þau eiga að ganga í yfir sumarið.

Enginn má leyfislaust reka fje sitt eða sleppa því í annara manna lönd.

Þá er lömb eða annað sauðfje er rekið á sumarhaga gegnum annara manna lönd, skal það gjört með þeirri varúð, að ekki hljótist skaði af.

IV. kafli.

Um fjallskil.

21. gr.

Alla þá menn í hreppi hverjum, sem skyldir eru til, samkvæmt 22. gr., að gjöra fjallskil, skal hreppsnefnd kveðja til þess skriflega á ári hverju með nægum fyrirvara. Í slíkum fjallskilaboðum skal taka fram, hvaða fjallskil hver og einn eigi að inna af hendi, í hvaða landi hver skuli ganga, hvernig fjallleitum skuli haga, rekstrum til rjettar, geymslu safnsins við rjettina þar til rjettarhald byrjar, hverjir sækja skuli fje í rjettir utanhrepps, hverjir vera skuli leitarstjórar og hve margir, og yfirleitt sjerhvað annað, er að fjallleitum lýtur. Fjallskilaboð gangi sem þingboð um hreppinn, og varðar sektum ef það tefst eða glatast fyrir vanrækslu eða hirðuleysi.

Allir fjáreigendur skulu, að forfallalaus, skyldir til að taka við leitarstjórastarfi og hafa það á hendi svo oft sem hreppsnefnd vill. Til þess að sækja

92 fje í rjettir utanhrepps skulu ávalt valdir markglöggir og aðgætnir menn, og skulu 6. ágúst þeir hafa með sjer markaskrá sýslunnar, er ný mörk sjeu færð inn í.

22. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja fjallskilakostnað, hlutfallslega eftir fjárfjölda, á hvern þann mann í hreppnum, er sauðkindur á, og þegar fjallskil einhvers nema $\frac{1}{2}$ dagsverki, á hún heimtingu á, að hann leggi til mann til fjallskila, ef þörf krefur.

Enginn er skyldur til að gjöra fjallskil annarsstaðar en í sínum hreppi, nema eftir skipun hreppsnefndar í hans hreppi.

23. gr.

Allir búendur hreppsins eru skyldir til að láta smala heimalönd sín rækilega fyrir hverja rjett, svo snemma, að alt ókunnugt fje, er finnast kann í heimalandi, geti náð til rjettar áður en rjettarhald byrjar, og skal reka það beinustu leið eða bæ frá bæ til rjettar eða í rjettarsafn. Sje ákvæði þessu ekki hlýtt, varðar það sektum frá 10 til 20 kr., og skal hreppsnefnd kaupa mann á kostnað þess, er brotið hefur, til að smala landið. Þeim, sem hafa stór heimalönd að smala, skal hreppsnefnd vægja í fjallskilum, er hún jafnar þeim á. Enginn má smala fjallönd fyrir leitir, nje heldur heimalönd annara, eða reka sauðfje úr þeim fyrir fyrstu rjett.

24. gr.

Fjall-leitir skulu vera þrjár:

Fyrsta leit mánudaginn í 22. viku sumars, og skal rjettað sama dag í Dunksrjett í Hörðudalshreppi, Skarðsrjett í Haukadalshreppi, Flekkudalsrjett í Fellsstrandarhreppi og Kiðhólsrjett í Saurbæjarhreppi, en að morgni næsta þriðjudag í Hólsrjett í Hörðudalshreppi, Fellsendarjett í Miðdalahreppi, Gillastaðarjett í Laxárdalshreppi, Skerðingsstaðarjett í Hvamshreppi, og Skarðsrjett í Skarðstrandarhreppi.

Önnur leit miðvikudaginn í sömu viku í öllum hreppum. Þó má færa aðra leit í Miðdalahreppi til fimtudags í 23. viku sumars, og í Hörðudalshreppi til mánudags í sömu viku. Í annari leit skal rjettað sama dag og leitað er í öllum hreppum.

Þriðja leit skal fram fara mánudaginn í 23. viku sumars í öllum hreppum, nema Hörðudalshreppi; þar skal hún vera á föstudag eða laugardag í 24. viku sumars. Þar sem veður banna leit áður nefndan dag skal hún fara fram skilarjettardaginn.

Fjórðu leit má hreppsnefnd fyrirskipa, ef henni þykir þörf á.

25. gr.

92

6. ágúst

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem menn eiga að leggja til í fjallleitir, sendi svo marga fullgilda leitarmenn, sem hreppsnefnd hefir fyrirskipað, og að allir leitarmenn fylgi fjársafni sínu til rjettar. Þeir skulu og sjá um, að leitir fari vel og skipulega fram, að leitarmenn hefji leit sína strax og sauðljóst er orðið, biði hver eftir öðrum á gangnamótum, að svo miklu leyti sem því verður við komið, og haldi leitunum samhliða.

Ef leitarmaður finnur fatlaða kind í leit sinni, og sjer engin ráð til að koma henni lifandi til rjettar, án þess að missa fje úr göngu sinni, skal hann skera höfuð af henni, dysja skrokkinn svo vel, að hann vargjetist ekki, hlaða glögt merki hjá dysinni og tilkynna svo leitarstjóra sínum hvar hún er og hvaða mark hafi verið á kindinni. Leitarstjóra ber að tilkynna eiganda sem fyrst hvar dysin er, en annars hreppsnefnd, ef enginn hirðir.

26. gr.

Ef einhver vanrækir að láta menn til fjallskilastarfa skulu leitarstjórar eða hreppsnefnd kaupa menn í staðinn, á hans kostnað.

Ef einhver óhlýðnast skipun leitarstjóra í leitum, eða hreppsnefndar eða rjettarstjóra við rjettarhöld, skal það tafarlaust kært fyrir lögreglustjóra til sekta.

Ef leitarstjórar, hreppsnefndir eða rjettarstjórar vanrækja skyldustörf sín, misbeita valdi sínu, eða hylma yfir með öðrum, er hver og einn skyldur að kæra það fyrir sýslumanni.

27. gr.

Enginn má reka fjallsafn heim á bæi í 1. og 2. leit, til þess að draga sitt eða annara fje úr því.

V. kafli.

Um rjettir, rjettarhöld og úrttning.

28. gr.

Valdi rjettarbygging grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess er krafist, fult endurgjald koma fyrir úr hreppssjóði, eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður útnefnir.

29. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að fjárrjettir sjeu ávalt í gildu standi. Skulu dilkar svo stórir, að eigi þurfi að hleypa út úr þeim fyr en fjárdrætti öllum er

92 lokið. Allir þeir hreppar, er sauðfje gengur saman hjá á sumrum, skulu byggja 6. ágúst hæfilega stóra dilka í þeim hreppum, sem nokkur fjárvon er í, eftir nánari fyrirskipun hreppsnefndar. Einnig getur hreppsnefnd krafist þess, að einstakir utanhreppsmenn, sem fá upprekstur í hreppnum, byggi sjer dilka. Skyldur er hver fjáreigandi að vinna eða láta vinna að rjettarbyggingu eða viðgerð hennar, eftir fyrirskipun hreppsnefndar, er jafnar slíkri vinnu niður á alla hreppsþúa eftir fjártölu þeirra.

30. gr.

Lögrjettir skulu vera þessar:

- Í Hörðudalshreppi á Hóli,
- » Miðdalshreppi á Fellsenda,
- » Haukadalshreppi á Skarði eða við Villingadalsá,
- » Laxárdalshreppi á Gillastöðum,
- » Hvammshreppi á Skerðingsstöðum,
- » Fellsstrandarhreppi á Flekkudal í Staðarfellslandi,
- » Skarðstrandarhreppi á Skarði,
- » Saurbæjarhreppi á Kiðhóli í Belgsdalslandi.

Aukarjett skal og vera á Dunki í Hörðudalshreppi. Breyta má um lögrjettarstaði, ef meiri hluti hreppsþúa og sýslunefnd samþykkja.

31. gr.

Oddviti hreppsnefndar skal stjórna rjettarhöldum, en kjósa má þó hreppsnefnd annan mann fyrir rjettarstjóra. Rjettarstjóri sjer um rjettarhaldið, að það fari vel og skipulega fram, og eru allir, sem að rjettarhaldinu vinna, skyldir til að hlýða öllum þeim fyrirskipunum hans, er samhljóða eru þessari reglugjörð, og nauðsynlegar til að halda reglu og skipulagi. Hreppstjórar skulu vera viðstaddir rjettarhöld í hverri lögrjett til þess að annast lögreglu.

32. gr.

Rjettarstjórar skulu skipa hæfa menn til að sjá um, að fje misdragist ekki í rjettum, að svo miklu leyti sem unt er.

Ef einhver hreppsþúi hefur of fáa menn til að draga fje sitt í rjettinni, svo að rjettarhald fyrir það tefst, er rjettarstjóra leyfilegt að kaupa menn, á hans kostnað, til að draga fje hans. Sama er og ef utanhreppsmenn eða hreppsnefndir annara hreppa leggja of fáa eða ljelega menn til í rjettina.

33. gr.

Enginn má marka nokkra kind á eyrum eða hornum í lögrjett nema með leyfi rjettarstjóra og undir hans umsjón.

34. gr.

92

6 ágúst

Rjettarstjórar skulu hafa sterkar gætur á, að ekki sjeu teknir ómerkingar úr rjettinni fyrir en sundurdrætti er lokið. Þá ómerkinga, sem engin ær helgar sjer í almenningnum, skal láta í sjerstakan dilk, og hleypha þangað þeim áum, sem líkur eru til að vanti dilka. Þeir ómerkingar, sem engin viðstödd ær helgar sjer, skulu seldir í 2. rjett.

35. gr.

Mýjetningar, og allar þær kindur, sem að dómi tilkvaddra manna, hafa skemd eyru, af sólbruna, kali o. fl., og auðsjáanlega hefir skemst svo mark á, að ekkert mark er hægt að gera úr á eyrum þeirra eða hornum, skulu seldar strax að afloknu rjettarhaldinu, ef enginn sannar eignarrjett sinn á þeim. Andvirði þeirra rennur í sveitarsjóð þar sem þær eru seldar. Sjeu slíkar kindur með sjerstökum einkennum, skulu þær seldar samkvæmt 11. gr.

36. gr.

Búanda þeim, sem ábúð hefir á landi því, er lögrjett stendur á, skal gjalda 8—12 kr. í rjettartoll árlega, eftir samkomulagi við hreppsnefndina eða eftir mati óvilhallra manna. Rjettartollur í Hörðudalshreppi skal greiðast með 6 kr. til Hóls- og 4 kr. til Dunksrjettar.

37. gr.

Þeir menn, sem sendir eru í lögrjettir utan hrepps, samkv. 2. lið 21. gr., skulu skila í lögrjett síns hrepps öllu því sauðfje, sem þeir hafa tekið í utan-hreppsrjettum. Þó mega þeir sjálfir skila fje þeim eigendum, sem heima eiga á bæjum á leiðinni. Afganginn skulu þeir reka á lögrjettarstað, en ef þeir geta ekki náð í 1. rjett, vegna vegarlengdar, skulu þeir skila rekstrinum þangað í 2. lögrjett, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið.

Fje það, sem kemur úr öðrum hreppum í 2. og 3. rjett, skal ganga tafarlaust bæ frá bæ beinustu leið til eigenda. Sá, sem sleppir rekstri, er honum hefir verið afhentur, eða fer illa með sauðfje annara, svo sem með því að svelta það inni í húsum eða girðingum meira en næturlangt, borgi 1 kr. í sekt fyrir hverja kind, nema þyngri hegning liggi við. Sektir þessar renna í sveitarsjóð.

38. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um geymslu hjá áreiðanlegum manni í hreppnum á þeim kindum öllum, sem enginn hirðir í 1. og 2. rjett, og engin ráðstöfun hefir verið gjörð fyrir, svo og ómerkingum þeim, er eigi má selja samkv. 34. grein. Telst slík geymsla til fjallskila, en eigi má borgun fara fram yfir 4 aura fyrir hverja kind um sólarhringinn. Hreppsnefnd getur heimtað sjer þetta endurgoldið af fjäreigendum.

39. gr.

Skilarjettir skulu haldnar þriðjudaginn í 23. viku sumars í öllum hreppum sýslunnar nema Miðdala- og Hörðudalshreppum. Í Miðdalahreppi skal skilarjett haldin miðvikudaginn í 23. viku sumars, en í Hörðudalshreppi laugardaginn í 24. viku sumars. Skilarjettir skulu vera á lögrjettarstað; en banni veður að halda þær þar, má halda þær á næsta bæ.

40. gr.

Alt það sauðfje, sem enginn vill hirða í skilarjett, og það, sem ekki þekkist mark á, skal selt skilarjettardaginn, þó eigi fyr en kl. 4 e. h.

41. gr.

Ef sauðfje, sem innanhreppsmenn eða menn í nágrannahreppum eiga, finst í afrjettum eftir allar leitir, skal það tafarlaust rekið bæ frá bæ stystu leið til eigenda. Finnandi getur krafist borgunar fyrir fyrirhöfn sína af eiganda; þó má sú borgun aldrei fara fram úr 2 kr. fyrir fullorðna kind, og 1 kr. fyrir lamb.

Ef kindur finnast eftir allar rjettir, en eigandi þeirra er svo fjarri að ekki þyki gjörlegt að senda honum þær eða koma þeim til skila á annan hátt, skal selja slíkar kindur, að auglýstum sölustað og stund með nægum fyrirvara. Bjóðist einhver til að veita þeim móttöku og greiða áfallinn kostnað, skulu þær eigi seldar. Kindur, sem finnast á þessum tíma, og ekki þekkist eigandi að, skulu seldar strax og búið er að auglýsa þær með nægum fyrirvara.

42. gr.

Um hver áramót skal hreppstjóri senda sýslumanni mörk og lýsing á því óskilafje, er hann hefir selt á uppboðum í hreppnum, og enginn eigandi hefir leitt sig að, en sýslumaðurinn auglýsir þetta í Lögbirtingablaðinu. Þeir, sem sanna eignarrjett sinn á hinum seldu kindum fyrir Mikaelsmessu næstu á eftir, eiga heimting á að fá andvirði kindanna hjá hlutaðeigandi hreppstjóra, að frádregnum kostnaði. Andvirði óskilafjenaðar, sem enginn sannar eignarrjett sinn á, rennur í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Hreppstjórar skulu sýna hreppsnefnd kvittanir fyrir fjárverði því, er þeir hafa greitt eigendum.

VI. kafli.

Um vorleitir.

43. gr.

Tvær vorsmalanir skulu fara fram í öllum hreppum sýslunnar: Hin fyrri í 8. viku sumars, en hin síðari miðvikudaginn í 10. vikunni. Um skyldur manna

við leitir þessar, og allan undirbúning þeirra gilda öll hin sömu ákvæði sem um **92** haustleitir, sbr. IV. kafla reglugjörðarinnar. Hreppsnefndir geta þó ákveðið fleiri 6. ágúst vorleitir, ef nauðsyn þykir til bera; þær hafa og heimild til að búa til hreppasamþyktir um almennar vorsmalanir umfram þær, er reglugerð þessi skipar fyrir. Til þess að slíkar samþyktir verði bindandi fyrir hreppsþúa, skulu þær samþykta af meirihluta atkvæðisbærra manna í sveitarmálum á almennum sveitarfundi, og staðfestar af sýslunefnd.

44. gr.

Alt það sauðfje, sem finst í heimahögum og fjallöndum við smalanir eftir 43. gr., skal rekið heim til næstu bæja við beitarlöndin, og skilið þar sundur eftir vild fjáreigenda. Það fje, sem engin ráðstöfun hefir verið gjörð fyrir, skal rúið, og ómörkuð lömb mörkuð fyrir eigendur. Skulu leitarmenn annast þetta, og ber þeim 25 aurar fyrir að taka ull af kind, en skylt er þeim að marka lamb hvert fyrir ekkert. Ullin skal geymd á góðum stað, og eigendum gjört aðvart um hana.

VII. kafli.

Um fjármarkaðshöld á haustum og rekstur á sölufje.

45. gr.

Alt fje í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skíru rekstrarmerki, er sje svo glögt, að það sjáist vel tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi. Auk þessa merkis skulu kaupmenn og kaupfjelög spjaldbinda hverja kind og skal spjaldið vera með glöggu og góðu merki kaupanda, og ennfremur áframhaldandi tölumerki.

46. gr.

Varast skal, svo sem auðið er, að rekstrum lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstur úr því svo dimt er orðið, að ekki er markljóst, nema brýn nauðsyn beri til; svo má og ekki leggja upp með rekstur fyr en markljóst er orðið.

47. gr.

Rekstrarmenn skulu gæta þess, komi kindur saman við reksturinn, að skilja þær strax úr rekstri sínum, svo að þær eigi rekist til ógreiða. En ef þeir reka kindur til ógreiða með rekstrinum, skulu þeir skyldir að koma þeim á sinn kostnað til eigenda, ella sæta ábyrgð fyrir.

Brot móti þessum kafla varðar sektum frá 2—50 kr.

VIII. kafli.

Um ótamin hross.

48. gr.

Hver sá, sem á ótamin hross, skal koma þeim á afrjett til sumargöngu eigi síðar en 8 vikur af sumri, eða þá er nægur gróður er kominn, nema land hans liggi svo, að ekki gjöri þau öðrum skaða með ágangi.

49. gr.

Sumargöngutoll skal eigandi greiða afrjettarbónda með 1 kr. 50 aur. fyrir hvert hross, nema öðruvísi sje um samið.

50. gr.

Öllum ótömdum hrossum skal smalað til rjetta í 2. leit. Með óskilahross skal farið sem óskilakindur, sbr. 40. og 41. gr.; þó má ekki selja þau fyrir en lýst hefir verið eftir eigendum í nálægum hjeruðum.

IX. kafli.

Um brot o. fl.

51. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum frá 2 til 100 kr., er renna í sveit arsjóð þar sem brotið er framið, nema þar sem öðruvísi er ákveðið.

Mál, er risa út af broti á reglugerðinni, skal farið með sem opinber lög-reglumál.

52. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 7. júní 1904.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1912.

I stjórnarráði Íslands 6. ágúst 1912.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.